

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/185****2023/EES/63/20****frá 10. febrúar 2022**

um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/451 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar skýrslugjöf stofnana til eftirlitsfirvalda og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 680/2014 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 7. mgr. 430. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í tékknesku tungumálaútgáfunni af framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/451 ⁽²⁾ er villa í 1. mgr. 13. gr. sem breytir skyldunni sem mælt er fyrir um í lögnum með því að breyta tíðni skýrslugjafar.
- 2) Í spænsku tungumálaútgáfunni af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/451 eru villur í lið 8.4 í efnisyfirliti í II. viðauka, í II. hluta II. viðauka: línu 0060, lið 3.9.4.2, öðrum dálki töflunnar, fyrstu málsgrein, í línu 0040, lið 3.9.5.1, öðrum dálki töflunnar, stakri málsgrein, í línu 0040, 0120, lið 3.9.6.1, öðrum dálki töflunnar, stakri málsgrein, í c-lið liðar 8.1 í færslu 201, í línu 0010, lið 8.2.1, öðrum dálki töflunnar, fyrstu málsgrein, í línu 0050, lið 8.3.1, öðrum dálki töflunnar, fyrstu málsgrein og í lið 8.4, í XII. viðauka: í öllum tilvikum í línu 0840, þriðja dálki töflunnar, og í öllum tilvikum í línu 0310 með kenni 1.4.3, þriðja dálki töflunnar, í II. hluta XIII. viðauka: 14. línu, 1. lið, öðrum dálki töflunnar og í línu 0840, 3. lið, í öðrum dálki töflunnar, í IV. hluta XIII. viðauka: 13. línu, 1. lið, öðrum dálki töflunnar, ásamt í línu 0310, 3. lið, öðrum dálki töflunnar. Þessar villur geta haft neikvæð áhrif á rekstraraðila að því er varðar gagnaskilakvöð þeirra.
- 3) Því ætti að leiðrétta tékknesku og spænsku útgáfunar af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/451 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.**(Á ekki við um íslensku útgáfuna).**2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 30, 11.2.2022, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 181/2022 frá 10. Júní 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 66, 13.10.2022, bls. 26.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/451 frá 17. desember 2020 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar skýrslugjöf stofnana til eftirlitsfirvalda og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 680/2014 (Stjttíð. ESB L 97, 19.3.2021, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
